

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1004

**Dagsetning:** 15. nóvember 2023 klukkan 13:00.

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Helgi Þorsteinsson, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (sat fundinn undir lið 5-10), Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkeldsdóttir (sat fundinn undir lið 5-10) og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Stefán Aðalsteinsson, deildarstjóri launadeildar, kom á fundinn undir lið 6. Sigurborg Jónsdóttir og Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn undir lið 8. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn undir lið 8-10.

## Efni fundarins

### 1. Staðan í Grindavík

Framkvæmdastjóri lækninga upplýsti um umræður á fundi þar sem rætt var um mögulegar sviðsmyndir tengdar eldgosi á Suðurnesjum. Óskað var eftir því að HH eins og aðrar stofnanir yfirfæru eigin viðbragðsáætlanir vegna mögulegra eldsumbrota á Reykjanesi.

### 2. Fléttustyrkur

Samningur um fléttustyrk vegna samstarfsverkefnis við Mína líðan er tilbúinn til undirritunar. Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar ætlar að fara yfir samninginn og undirrita hann.

### 3. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 4. Rafrænt tilvísunareyðublað í geðheilsuteymi

Rætt um hvernig bæta megi tilvísanir frá heilsugæslustöðvum til geðheilsuteyma og gera þau rafræn. Það myndi spara tíma og bæta þjónustu. Málið verður tekið upp á næsta fagstjórafundum.

### 5. Húsnæðismál

Umræður um stöðuna í Vegmúla. Eigandi hússins á enn eftir að ljúka við ákveðin verkefni og hefur Framkvæmdasýsla ríkisins verið fengin til að þrýsta á um úrbætur. Rætt um hugmyndir að sameiningu heilsugæslustöðva Efra-Breiðholti og Mjódd í kjölfar funda með starfsfólki. Málið verður unnið áfram á fundi með stjórnendum stöðvanna. Rætt um að Upplýsingamiðstöð HH flytji í Þönglabakka 1, þar sem Geðheilsuteymi fangelsa er fyrir. Óskað hefur verið eftir því að samningur um leigu í Hraunbæ verði framlengdur fram á mitt næsta ár.

## 6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Stefán Aðalsteinsson, deildarstjóri launadeildar, kom á fundinn til að ræða orlofsmál og hvaða reglur gilda um fyrningu orlofs.

## 7. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. nóvember 2023 samþykkt samhljóða.

## 8. Starfsdagur stjórnenda

Sigurborg Jónsdóttir, Hanna Lind Garðarsdóttir og A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafar komu á fundinn til að ræða starfsdag stjórnenda 16. nóvember.

## 9. Jólagjöf til starfsfólks

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða um jólagjöf til starfsfólks HH.

## 10. Árshátíð HH 2024

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að kynna kostnaðaráætlun vegna árshátíðar. Ákveðið að skoða málið áfram og ræða aftur á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 15:15